



Fundargerð

407. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 miðvikudaginn 5. apríl 2017. Þetta er 4. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 7 blaðsíður Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá

Viðbót við dagskrá:

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

8. 1704011 Fjölgun stöðugilda á Heilsuleikskólanum Kærabæ. dags. 31.03.2017

9. 1610010 Viðauki 1 við Fjárhagsáætlun Skaftárhrepps

IV. Annað kynningarefni

3. 1704004 Tillaga að gjaldskrá vegna skipulags- og byggingarmála

Dagskrárbreyting samþykkt.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundum

Sveitarstjóri og oddviti sátu aðalfund Bergrisans sem haldinn var á Selfossi 21. mars sl. Landsþing sambandsins og ársfundur lánasjóðs sveitarfélaga fór fram 24. mars. Sveitarstjóri fór á fund Orkufjarskipta til að kanna möguleg samlegðaráhrif með lagningu ljósleiðara. Sveitarstjóri, oddviti og verkefnisstjóri Skaftárhrepps til framtíðar fóru á fund í Fjármálaráðuneytinu 28. mars þar sem farið var yfir málefni ríkisjarða í sveitarfélaginu. Einnig áttu sömu aðilar fund með Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra vegna þrífösunar rafmagns en starfshópur hefur verið stofnaður um verkefnið á landsvísi til að vinna því framgang. Sveitarstjóri og formaður rekstrarnefndar tóku viðtöl við umsækjendur um starf hjúkrunarforstjóra Klausturhóla. Ársfundur Náttúrustofu Suðausturlands var haldinn í lok mars. Stöðufundur var haldinn vegna sameiningarverkefnisins og er framundan fundur á Höfn 10. apríl með sameiningarnefnd.

Dagskrá

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 1612012 Ársreikningur Skaftárhrepps 2016 – fyrri umræða

Friðrik Einarsson endurskoðandi frá KPMG mætti til fundarins og fór yfir ársreikninginn. Sveitarstjórn þakkar Friðriki greinargóða yfirferð. Ársreikningi vísað til síðari umræðu.

2. 1603015 Þarfagreining húsnæði Kirkjubæjarskóla

Sveitarstjórn þakkar íbúum þátttöku í könnunum vegna þarfagreiningar á húsnæði Kirkjubæjarskóla og á íbúafundi í janúar sl. Niðurstöður kannananna benda til að flestum hugnist að húsnæði skólans verði nýtt samkvæmt tillögu A þar sem gert er ráð fyrir starfsemi þekkingarseturs og viðbyggingu fyrir skóla og leikskóla. Sveitarstjórn samþykkir að unnið verði að því að húsnæðið verði nýtt samkvæmt tillögu A. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra í samvinnu við Kirkjubæjarstofu að koma með áætlun um uppbyggingu og fjármögnun verkefnisins.



3. 1606015 Lagning ljósleiðara í Skaftárhreppi
Afgreiðslu málsins frestað.

4. 1703016 Reglur um félagslega liðveislu – breyting
Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir reglurnar.

5. 1703017 Ársreikningur Klausturhóla 2016
Sveitarstjóri fer yfir helstu niðurstöður ársreiknings Klausturhóla 2016. Rekstartekjur eru 193 millj. og rekstrargjöld 186 millj. Rekstrarniðurstaða er jákvæð um 8,2 millj. Eignir samtals eru 65 millj. og þar af handbært fé 62 millj. Eigið fé er neikvætt um 24 millj. Áfallin lífeyrisskuldbinding er 32 millj. Skuldir og skuldbindingar 89 millj. Sveitarstjórn lýsir ánægju sinni með jákvæða niðurstöðu ársreikningsins og samþykkir hann með undirritun sinni. Sveitarstjórn þakkar rekstrarnefnd og hjúkrunarforstjóra fyrir þeirra framlag til starfsemi heimilisins.

6. 1704001 Verslun um áfengi og tóbak –tillaga að umsögn
Sveitarstjórn Skaftárhrepps skorar á allsherjar- og menntamálanefnd svo og alla sitjandi þingmenn á Alþingi Íslendinga að sjá til þess að frumvarp um breytingar á lögum um verslun með áfengi og tóbak verði ekki að lögum og verslun með áfengi og tóbak verði áfram með líku sniði og verið hefur.

Telja verður verulegar líkur á því að sú aukning á aðgengi að áfengi sem þessi breyting felur í sér leiði til aukinnar neyslu áfengis. En aukin neysla áfengis er mjög líkleg til að hafa neikvæð áhrif á heilsu og velferð allra aldurshópa þar með talið barna og unglinga. Frumvarpið felur í sér afturför í forvarnar- og lýðheilsuárum og stuðlar hvorki að bættri lýðheilsu né almennu heilbrigði hér á landi.

Samþykkt af JG og SG. EBH, BG og HGÁ sitja hjá við afgreiðslu tillögunnar.

7. 1607016 Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða - tillaga að umsögn
Meirihluti sveitarstjórnar Skaftárhrepps þakkar fagleg vinnubrögð faghópa og verkefnisstjórnar Rammaáætlunar og styður flokkun virkjanahugmynda eins og hún er sett fram í áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða í þriðja áfanga. Skaftárhreppur er landbúnaðar- og ferðaþjónustuhérað með mikla möguleika og mörg sóknarfæri í þeim atvinnugreinum, sérstaklega ef áfram gengur vel að samþætta þær og byggja á stórbrotinni náttúru héraðsins. Meirihluti sveitarstjórnar fagnar því að sjá Skaftá í verndarflokki og fagnar því einnig sem landbúnaðarhérað að sjá hve mikilvægi beitar er gert hátt undir höfði í verðmætamati gagnvart Hólmsárvirkjun með miðlunarlóni við Atley.

Samþykkt af EBH, BG og HGÁ. SG og JG sitja hjá.

Jóhannes Gissurarson óskar bókanar:

Í 3. grein laga nr. 48/2011 um verndar og orkunýtingaráætlun, segir að í samræmi við markmið laganna skuli lagt mat á verndar og orkunýtingargildi landsvæða og efnahagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg áhrif nýtingar þ.m.t. verndunar.

Samkvæmt fyrirliggjandi tillögu til þingsályktunar, sem hér er til umsagnar, virðist sem enn og aftur sé lögð megin áhersla á á að meta umhverfisleg áhrif virkjunarkosta, auk áhrifa á ferðamennsku og útivist. Lítill vilji virðist vera til þess að meta efnahagsleg og samfélagsleg áhrif, áhrif sem er ekki síður mikilvægt að meta, og það á ekki hvað síst við í brothættum samfélögum eins og hér í Skaftárhreppi.

Að öðru leiti vísa ég til umsagnar minnar sem send var verkefnisstjórn rammaáætlunar sl. sumar og finna má á vef rammaáætlunar.

JG
HG17



8. 1704011 Fjölgun stöðugilda á Heilsuleikskólanum Kærabæ. dags. 31.03.2017
Fyrir fundinum liggur beiðni frá skólastjóra Heilsuleikskólans Kærabæjar um nauðsyn þess að fjölga stöðugildum við leikskólann vegna mikillar eftirspurnar eftir leikskólaplássi. Sveitarstjórn fagnar því að börnum sé að fjölga í sveitarfélaginu og samþykkir að stöðugildi við leikskólann verði aukin úr 4 í 5 frá 1. maí 2017. Sveitarstjóra falið að útbúa viðauka við fjárhagsáætlun 2017.

9. 1610010 Viðauki 1 við Fjárhagsáætlun Skaftárhrepps
Sveitarstjóri leggur fram tillögu að viðauka 1 við fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2017. Viðauki er tilkomin vegna viðbótarstöðugildis við Heilsuleikskólann Kærabæ. Áætlaður viðbótarkostnaður er 3,9 millj. á árinu 2017. Rekstrarútgjöld A-hluta aukast um 3,9 millj. og er mætt með lækkun á handbæru fé. Í viðaukanum verður einnig gerð leiðrétting vegna niðurfærslu viðskiptaskuldar Klausturhóla 2,9 millj. sem þegar hefur verið gert ráð fyrir í rekstrargjöldum A-hluta en færslu vantaði í sjóðstreymi á móti. Sveitarstjórn samþykkir viðaukann.

II. Fundargerðir til samþykktar

1. 1703012 Fundargerð 126. fundar skipulagsnefndar. 04.04.2017
Eva Björk Harðardóttir oddviti lýsir sig vanhæfa og viku af fundi. Heiða Guðný Ásgeirsdóttir varaoddviti tekur við stjórn fundarins.

1. Lilja Hrund Harðardóttir - Selhólavegur 2 – Byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi

Lilja Hrund Harðardóttir kt:120772-5629 sækir um byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi í landi Efri Víkur á landnúmeri **224927** sem var áður stofnuð úr landi Efri víkur **lóð nr 163327**. Um er að ræða einbýlishús 148m² 4 herbergja með einhalla þak. Einingar eru framleiddar í Lettlandi, steinsteyptur sökull, gólfplata og hiti í gólfum. Klæðningar munu vera Dark Silver RR41 lárétt á móti Lamella corten 30 lóðrétt. Umsókn er á grundvelli deiliskipulags.

Deiliskipulag hefur ekki tekið gildi með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda. Auglýsinga og athugasemdafrestur skipulagsins er þó liðinn. Engar athugasemdir bárust á auglýsingartíma og mælist nefndin því til þess að deiliskipulagið taki gildi með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda. Nefndin gerir ekki athugasemd við útgáfu byggingarleyfis á grundvelli deiliskipulags.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2. Hótel Laki – Efri Vík – byggingarleyfi vegna starfsmannaíbúða Landsnr 163327

Hörður Davíðsson kt:221147-2519, Lilja Hrund Harðardóttir kt:120772-5629, Eva Björk Harðardóttir. Sækja um byggingarleyfi á Selhólavegi 1 fyrir starfsmannaíbúðir um er að ræða: Litlar ca. 30m² íbúðir æltaðar starfsfólki með samtengd 3 hús með 5 einingum með tæknirými og aðstöðu fyrir þvottavél í miðju húss. Einingarnar eru framleiddar í Lettlandi í umboði sparihús. Sökklar og gólfplata eru steinsteypt, hiti verður í gólfplötu. Umsókn er á grundvelli deiliskipulags.

Deiliskipulag hefur ekki tekið gildi með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda. Auglýsinga og athugasemdafrestur skipulagsins er þó liðinn. Engar athugasemdir bárust á auglýsingartíma og mælist nefndin því til þess að deiliskipulagið taki gildi með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda. Nefndin gerir ekki athugasemd við útgáfu byggingarleyfis á grundvelli deiliskipulags

lrb
H617



Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

8. Efri-Vík – Breyting á aðalskipulagi

Engar athugasemdir bárust á auglýsingartíma. Nefndin mælist til þess að breytingin taki gildi með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda að lokinni yfirferð skipulagsstofnunnar.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

9. Efri-Vík breyting á byggingarheimildum

Lagt er fram deiliskipulag fyrir Efri-Vík til samþykktar eftir auglýsingu. Minniháttar breytingar gerðar innan greinargerðar m.t.t. byggingarheimilda. Engar athugasemdir bárust á auglýsingartíma en gerð var ein breyting eftir auglýsingu bætt var við kafla 7.1.2. þar sem gerðir voru sérskilmálar fyrir lóð 1 sunnan Landbrotsvegar, sem heitir nú Sólvellir 1 þar sem er leyfilegt að byggja 3 raðhús en heildarbyggingarmagni var ekki breytt en byggingarreit breytt óverulega en er þó jafn stór og hann var.

Nefndin gerir ekki athugasemd við breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Mælist er til þess að skipulagið taki gildi með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Eva Björk Harðardóttir oddviti kemur aftur til fundarins og tekur við stjórn hans.

Fundarhlé vegna kynningar frá íbúðalánasjóði 15:20-16:42

3. Kálfafell I – Fristundarhús -byggingarleyfi

Byggðarból ehf kt: 450405-0860 sækir um byggingarleyfi á landnr 163388 fyrir litlum gistihúsum, er lóðin hugsuð til uppbyggingar ferðapjónustu, húsin sem sem sótt er um leyfir fyrir eru 25,2m² að Stærð byggt úr timbri, undirstöður eru steiptir sívalningar og dregarar undir gólfi eru 50mm x 200mm einangrun í gólfi er 148mm. Burðargrindur eru 48mm x 123mm. Umsókn er á grundvelli deiliskipulags.

Deiliskipulag hefur ekki tekið gildi með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda. Auglýsinga og athugasemdafrestur skipulagsins er þó liðinn. Engar athugasemdir bárust á auglýsingartíma og mælist nefndin því til þess að deiliskipulagið taki gildi með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda.. Nefndin gerir ekki athugasemd við útgáfu byggingarleyfis á grundvelli deiliskipulags

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

5. Umræða um mætingar og tilkynningar forfalla vegna skipulagsfunda

Umræða að tilkynna forföll fyrr svo hægt verði að kalla varamenn inn tímanlega sem munu þá hafa tíma til að kynna sér málin, eða jafnvel að senda varamönnum gögn svo þeir geti kynnt sér málin ef forföll skyldu vera boðuð. Sett hefur verið upp síðasti dagur fyrir gögn til að koma inn (2 dagar). Send verða fundarboð þegar sveitastjórn hefur tilkynnt sín áform um næsta fund og nýbreytni í að uppfæra og senda út gögn í dropbox svo skipulagsnefndin geti kynnt sér þau fyrr.

HGA



Samþykkt. Nefndin leggur fyrir sveitarstjórn að heimila verkefnastjóra skipulags og byggingarmála að senda varamönnum einnig aðgang að fundarboði og gögnum nefndarinnar.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

7. Umsögn vegna skipulagsbreytinga við Tungu.

Lögð er fram aðalskipulagsbreyting vegna Tungu til samþykktar eftir auglýsingu. Ein umsögn barst vegna málsins frá Katli Sigurjónssyni og Æsu Sigurjónsdóttur eigenda sumarhúsa í landi Hæðargarðs H8 og H9.

Samantekt athugasemda:

1. Grundavallar breyting á skipulagi jarðar sem liggur að sumarhúsbyggð við Hæðargarðsvatn. Sveitarstjórn hafi farið varlega í breytingar á svæðinu og meðal annars hafnað beiðni undirritaðra um að breyta sumarhúsaloð við Hæðargarðsvatn í íbúðarlóð.
 - *Nefndin tekur undir að um grundvallar breytingu á skipulagi jarðarinnar Tungu er að ræða. Þó má segja að innan jarðarinnar hefur verið skipulögð atvinnustarfsemi um langa hríð auk þess sem sumarhús svæðisins hefur verið í útleigu til ferðamanna. Jafnframt er svæðið innan þéttbýlismarkna aðalskipulags Skaftárhrepps og hefur verið frá staðfestingu fyrsta aðalskipulags sveitarfélagsins frá árinu 2002. Sveitarstjórn getur ekki samþykkt íbúðarlóðir innan frístundasvæðis eins og byggðin að Hæðargarði er skipulögð sem. Til samanburðar hefur sveitarstjórn farið fram á skipulagsbreytingar vegna viðlíka beiðna í landi Efri-Víkur. Nefndin telur þá athugasemd ekki koma málinu sérstaklega við. Við val á staðsetningu hótelsins var lagt upp með að staðsetning þess myndi sem minnst skerða útsýni þeirra sumarhúsa sem eru í næsta nágrenni og var því fært til sb.r fyrri hugmyndir.*
2. Forsenda sumarhúsabyggðar við Hæðargarðsvatn hefur verið sú að um tiltölulega kyrrláta staðsetningu er að ræða með gott útsýni svo sem til Örfafjökuls. Sumarhúsabyggð við Hæðargarðsvatn teljist ekki vera ekki lengur út í sveit heldur við hliðina á umfangsmikilli ferðapjónustustarfsemi með uppbyggingu á grundvelli þessarar skipulagsbreytinga m.t.t. aukins fjölda fólks og umferðar á svæðinu.
 - *Nefndin telur að þótt svo að uppbygging á svæðinu sé vissulega umfangsmikil sé hún ekki þess eðlis að valda röskun á frístundabyggð við Hæðargarð. Uppbygging á verslun og þjónustu innan þéttbýlisuppráttar Kirkjubæjarklaustri er nauðsynleg að mati nefndarinnar til að bregðast við auknum fjölda ferðamanna innan sveitarfélagsins. Umferð um svæðið fer öll um annan afleggjara en þann sem liggur að sumarhúsabyggð og er því ónæði vegna hægrar umferðar innan skipulagssvæðis talin óverulegt á frístundasvæðið. Byggingin verður niðurgráfin að hluta í samræmi við skilmála deiliskipulags. Bílastæði eru austan hótels og ættu ekki að valda truflun. Nefndin ítrekar auk þess á að svæðið er innan skilgreinds þéttbýlisuppráttar Kirkjubæjarklausturs.*
3. Umsagnaraðilar telja að eftirspurn eftir lóðum og þar með verðmæti lóða á svæðinu rýrni með uppbyggingu hótels innan Tungu og vísa til þess að sveitarfélagið verði hugsanlega kraftið um bætur verði skipulagsbreytingin að veruleika



- *Skipulagnefnd hefur engar forsendur til þess að taka afstöðu til þess hvort að fasteignaverð á svæðinu lækki með tilkomu hótels í landi Tungu. Nefndin telur þó meiri líkur á því að öll uppbygging á atvinnustarfsemi tengri ferðaþjónustu innan sveitarfélagsins hafi jákvæð áhrif á fasteignaverð til framtíðar.*
4. Farið fram á að málinu verði frestað eða eftir atvikum hafnað á grundvelli ofangreindra athugasemda.
- *Nefndin felst ekki á frestun málsins.*

Þar sem engar aðrar athugasemdir bárust vegna málsins telur nefndin ekki ástæðu til annars en að samþykka gildistöku skipulagsins með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda að lokinni yfirferð skipulagsstofnunnar. Afgreiðslu málsins vísað til sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

10. Ásar – Kynning vegna skipulagsmála

Lagt er fram deiliskipulag til kynningar vegna Eystri-Ása í Skaftártungu. Í deiliskipulaginu felst heimild fyrir byggingu smáhýsa á jörð Eystri-Ása. Í samráði við Steinholt teiknistofu og skipulags og byggingarfulltrúa er mælt til þess að unnin verði breytinga á aðalskipulagi innan svæðisins þar sem skilgreint verði verslunar og þjónustusvæði. Óskað er eftir áherslum skipulagsnefndar vegna lýsingar aðalskipulagsbreytingar fyrir svæðið og samþykkt fyrir auglýsingu lýsingar. Tillaga og deiliskipulag verði lagt fram til samþykktar fyrir auglýsingu á næsta fundi nefndarinnar.

Nefndin leggur áherslu á að innan skipulagslýsingar verði gerð grein fyrir umfangi verkefni m.t.t. skilgreiningar á verslunar og þjónustusvæði. Nefndin mælist jafnframt til þess að inn í lýsingu verði gert grein fyrir nýrri veglínu um eldvatn. Skipulagnefnd mælist til þess að lýsing aðalskipulagsbreytingar verði unnin og felur skipulags og byggingarfulltrúa að auglýsa og kynna lýsingu í samræmi við skipulagslög. Nefndin fer fram á að samþykki landeiganda liggi fyrir áður en skipulagsbreyting verður unnin .

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Fundargerð í heild samþykkt.

2. 1603011 Fundargerð 116. fundar rekstrarnefndar. 04.04.2017

6. Umsóknir um starf Hjúkrunarforstjóra.

Sigurlaug Jónsdóttir lýsir sig vanhæfa við umfjöllun á umsóknum um starf Hjúkrunarforstjóra.

Alls bárust 3 umsóknir um starf Hjúkrunarforstjóra og var formanni rekstrarnefndar og sveitarstjóra falið að ræða við umsækjendur fyrir hönd rekstrarnefndar. Rætt var við 2 af umsækjendum um starfið og dró annar þeirra umsækjenda umsókn sína til baka að loknu viðtali. Rekstrarnefnd samþykkir samhljóða að beina því til sveitarstjórnar að ganga til samninga við Matthildi Pálsdóttur um starf hjúkrunarforstjóra Klausturhóla.

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að ljúka málinu.

Fundargerð í heild samþykkt.

3. 1605016 Fundargerð 9. fundar atvinnumálanefndar. 15.03.2017

3. Óskráð og ólögleg atvinnustarfsemi í Skaftárhreppi

Atvinnumálanefnd fer þess á leit við sveitarstjórn að veita nefndinni umboð til að vinna að kortlagningu og sporna við óskráðri/ólöglegri atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu í samstarfi við skipulags og byggingarfulltrúa.



Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar
Fundargerð í heild samþykkt.

III. Fundargerðir til kynningar.

1. 1605028 Fundargerð 68. fundar æskulýðs- og íþróttanefndar, 26.03.2017. *Fundargerð kynnt.*
2. 1603026 178. fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands, 17.03.2017. *Fundargerð kynnt.*
3. 1604030 517. fundur stj. SASS, 03.03.2017. *Fundargerð kynnt.*

IV. Annað kynningarefni.

1. 1603034 Endurskoðun fjallskilasamþykktar athugasemdir nefnda. *Kynnt.*
2. 1603044 Styrkveiting úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Ferðamálastofa, 16.03.2017. *Kynnt.*
3. 3. 1704004 Tillaga að gjaldskrá vegna skipulags- og byggingarmála. *Kynnt.*

Næsti fundur áætlaður fimmtudaginn 11. maí 2017
Fundargerð lesin upp og samþykkt
Fundi slitið kl. 17:29

Eva Björk Harðardóttir

Jóhannes Gissurarson

Sverrir Gíslason

Bjarki Guðnason

Heiða Guðný Asgeirsdóttir